

EFTIRLITSSKÝRSLA

Prímex, Siglufirði Siglufjörður



Dags eftirlits	12.9.2013	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Prímex, Siglufirði	Fulltrúi UST	
Heimili	Óskargötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	681197-2819	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Rúnar Marteinson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Guðný helga Kristjánsdóttir	Staðsetning	504514,193 628305,621

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlit hvað varðar geymslu og meðhöndlun vítissóða og ein athugasemd var gerð, hvað varðar að Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað of seint.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfi og minnt á skiladag skv. því.

Farið var yfir mælingar skv. gr. 4.2 í starfsleyfi frá 2012. Niðurstöður mælinganna sýna mikla aukningu frá fyrra ári á lífrænum efnum og svifögnum í söfnunarsýni frá fráveitu. Rætt var um hugsanlegar ástæður þess. Rekstraraðili benti á að rækjuskelin sem kemur frá Ramma er dælt yfir til Primex í lögnum sem liggja á milli fyrirtækjanna. Með rækjuskelinni kemur mikið magn af vatni sem notað er til að dæla skelinni yfir. Þetta affalsvatn fer síðan í frárennsliskerfi Primex og er hugsanlegt að það hafi áhrif á magn svifagna og lífræna efna í frárennslu. Benti rekstraraðili einnig á að búið er að færa útrás bæjarins og er hún nú staðsett um 100m innan við útrás rekstraraðila en sú breyting hefur einungis áhrif á mæliniðurstöður í viðtaka. Niðurstöður mælinga í viðtaka eru ekki óeðlilega háar svo mikil þynning og góð vatnsskipti eiga sér stað við útrásina. Rekstraraðili sendi inn kort af mælipunktum og staðsetningu frárennslanna tveggja og mun Umhverfisstofnun meta það hvort óskað verði eftir nýrri mælingu og/eða hvort nýir mælipunktar verða ákveðnir m.t.t þessara breytinga.

Minnt var á að senda skuli allar niðurstöður mælinga fyrir 1. jan. 2014.

Fyrsta stigs hreinsun er á frárennslisvatninu. Ekki var að sjá neina litabreytingu á sjónum við útrás og engin fugl var á sveimi yfir frárennslinu. Greinilegt uppstreymi var að sjá á sjávarfletinum fyrir ofan enda útstreymislagnarinnar.

Rætt var um aukningu á efnanotkun frá fyrra ári þó svo að magn rækjuskeljar hafi minnkað. Stafar sú aukning af framleiðsluferlinu og þeirri vörulínu sem verið er að vinna að hverju sinni. Vinnsla á finni og vandaðari afurðum krefst aukningar í efnanotkun.

Engin förgun er á rækjuskel þar sem allt er nýtt til vinnunar.

Gengið var um verksmiðjuna og umhverfi hennar.

Frávik frá

gr. 2.4 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Skv. gr. 2.4. í starfsleyfi skal geymsla fyrir vítissóða vera yfirbyggð og þétt. Vítissódatankur sem staðsettur er í afmörkuðu rými inn af þurk- og mólunarsal verksmiðjunnar uppfyllir ekki áðurnefnt ákvæði. Tankurinn tekur 3 tonn og undir honum er affalsrist sem er opin í fráveitukerfi bæjarins. Loka þarf affalsristinni og útbúa öryggisþró í kringum tankinn. Var þetta athugasemd frá fyrra ári en úrbætur hafa ekki verið gerðar.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við að Grænu bókhaldi og Útstreymisbókhaldi var skilað of seint.


ANNAÐ

Mjög lítil vinnsla á rækjuskel var í gangi þegar eftirlitið fór fram sökum hráefnisskorts.

Minnt var á að sækja þarf um nýtt starfsleyfi tímanlega þar sem núverandi starfsleyfi gildir til 1. feb. 2015. Vinna við nýtt starfsleyfi getur tekið allt að 6-8 mánuðum.

Rekstraraðili sendi inn kort af mælipunktum og frárennislögn með tölvupósti þann 11. sept sl.

Reykjavík, 12.09.2013



Guðbjörg Stella Árnadóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.